

***Borgarráð 18.7.'19: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að fulltrúi leigjenda taki sæti í stjórn húsfélagsins á Lindargötu 57-66 - R19070156***

Lagt er til að fulltrúi úr röðum leigjenda taki sæti í stjórn húsfélagsins frá og með næsta aðalfundi sem verður 2020. Mikill meirihluta íbúða á Lindargötu 57-66 eru leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða. Minnihluti eru eignaríbúðir. Engu að síður á fulltrúi eignaríbúða sæti í stjórn húsfélagsins en ekki fulltrúi leigjenda. Það segir sig sjálfst að engin sanngirni er í þessu fyrirkomulagi og vill borgarfulltrúi Flokks fólksins leggja til að úr þessu verði bætt hið fyrsta. Aðalfundur er nýlega afstaðinn. Fyrir næsta fund er lagt til að gerðar verði breytingar sem kunna að vera nauðsynlegar t.d. lagabreytingar til að hægt sé að kjósa fulltrúa leigjenda í stjórn á næsta aðalfundi 2020. Lindargata 57-66 er, eftir því sem næst er komist eina húsfélagið þar sem leigjendaíbúðir eru í meirihluta. Verði um fleiri slík tilfelli að ræða skal ávallt tryggja að fulltrúi leigjenda eigi sæti í stjórn húsfélagsins.